

Starfsáætlun nemenda

Skóladagar

Skóladagatal fyrir skólaárið 2017-2018 er að finna á heimasíðu skólans

<https://www.egilsstaðaskoli.is/static/files/skolinn/skoladagatal-2018-2019.pdf>

Skóladagatalið sýnir þá daga sem nemendur eiga að vera í skólanum, hvaða daga er vikið frá hefðbundnum skóladegi og hvaða daga nemendur eiga frí. Skóladagar eru 180 á níu mánuðum og þar af eru 7 bláir dagar og þrír grænir dagar með skertri/sveigjanlegri kennslu. Á bláum dögum eru nemendur ekki fullan skóladag í skólanum. Grænir dagar eru tvöfaldir dagar, þá daga eru nemendur í skólanum fullan skóladag, en koma síðan aftur með foreldrum sínum og taka þátt í árshátíð, kynningu á nýsköpunarverkefnum og skólaþingi.

Vikulegur kennslutími árganga er:

- 1.-4. bekkur 1200 mín
- 5.-7. bekkur 1400 mín
- 8.-10. bekkur 1480 mín

Skólabyrjun – skólalok

Skólasetning í Egilsstaðaskóla er 23.ágúst haustið 2018 og skólaslit vorið 2019 eru 4.júní

Jólaleyfi

Jólaleyfi er dagana 20.desember til 3.janúar. 4.janúar fyrsti kennsludagur eftir jólaleyfi.

Páskaleyfi

Páskaleyfi er dagana 15.apríl til 22.apríl, 23.apríl er fyrsti kennsludagur eftir páskaleyfi.

Vetrarfrí

Vetrarleyfi á haustönn er 26.október - 29.október

Vetrarleyfi á vorönn er 15.-18.febrúar

Samstarfsviðtöl

Samstarfsviðtöl eru í byrjun nóvember og um mánaðarmótin febrúar /mars. Hver árgangur fær úthlutað ákveðnum samstarfsdegi, þá taka umsjónarkennarar samstarfsviðtöl við nemendur og foreldra. Fullur skóladagur er þessa daga hjá nemendum. Umsjónarkennarar senda út upplýsingar um samstarfsdaga til foreldra með góðum fyrirvara og foreldrar skrá sig á þann tíma sem þeim hentar í gegnum Mentor. Foreldrar aðstoða jafnframt nemendur við að fylla út sjálfmat á Mentor sem varðar líðan og nám nemandans. Sjálfsmatið liggur til grundvallar í samstarfsviðtalinu, en jafnframt er námsstaða nemanda til umræðu og þá með tilvísun í hæfnikort nemenda á Mentor.

Leiðarljós samstarfsviðtala er að foreldrar og kennari eru teymi sem vinna að velferð barnsins. Áhrif foreldra á nám og líðan barna eru óumdeild og samstarfsviðtöl eiga að tryggja að allir foreldrar eigi hlutdeild í skólagöngu barna sinna. Þau eiga jafnframt að stuðla að því að nemendur læri að taka ábyrgð á eigin námi með því að skipuleggja það í samráði við kennara og foreldra. Að jafnaði eru viðtölin um 15 mínútna löng.

Göngudagur

Göngudagur skólans er 5.september. Á göngudaginn er farið í gönguferðir um hið fagra Fljótsdalshérað. Gönguleiðirnar eru mislangar allt frá 3 km upp í 16 km. Göngudagur skólans er sveigjanlegur kennsludagur. Göngudagur er upphafdagur verkefnisins Göngum í skólann.

Gönguleiðir

1. bekkur Sigfúsarlundur
2. bekkur Klofasteinn
3. bekkur Egilsstaðavík
4. bekkur Hrafnafell
5. bekkur Rauðshaugur
6. bekkur Fardagafoss
7. bekkur Valtýshellir
8. bekkur Gönguleið frá Snæfellsskála að Vatnsdal
9. bekkur Stapavík

Vinadagurinn - vinabekkir

Vinadagurinn er hluti af Olweusaráætlun skólans gegn einelti og andfélagslegri hegðun. Dagurinn er í byrjun október ár hvert, í ár þann 3.október. Markmiðið með vinadeginum er að styrkja vinatengsl meðal nemenda með samveru vinabekkjanna og fræða nemendur um einelti og afleiðingar þess. Í Egilsstaðaskóla eru árgangar paraðir saman og helst samstarf þeirra í fimm ár. Eða þar til eldri árgangurinn útskrifast og sá yngri tekur að sér yngsta árgang skólans. Hluti af vinadeginum er fræðsla til allra nemenda hjá umsjónarkennar um einelti og jafnframt er sameiginleg stund allra nemenda skólans í upphafi eða lok dags. Vinadagurinn er sveigjanlegur skóladagur.

Fjarðaballið

Fjarðaballið er sameiginlegt verkefni grunnskóla á Austurlandi. Markmiðið er að stuðla að tengslum nemenda milli skóla og vera uppbot og skemmtun. Ballið er haldið í kringum mánaðarmótin september/október áður en færð fer að spillast á vegum. Nemendur í 8.-10.bekk eiga kost á að sækja ballið, en það er valfrjálst. Nemendur greiða fyrir rútu og aðgang að ballinu, en skólinn sér um gæslufólk sem fylgir hópnum. Nemendur þurfa að skila inn leyfisblaði frá foreldrum fyrir ballinu. Ekki er skólaakstur í tengslum við Fjarðaball.

Péturshlaup

Péturshlaupið er minningarhlaup um Pétur Kjerúlf Þorvarðarson fyrrum nemanda skólans sem lést vorið 2006. Pétur var mikill íþróttamaður og hefur hlaupið verið fastur liður í starfi Egilsstaðaskóla frá því haustið 2006. 1.-4.bekkur hlaupa á Vilhjálmsvelli, 5.-7.bekkur hlaupa skemmri hring í þorpinu og 8.-10.bekkur hlaupa lengri hring. Nöfn fyrstu drengja og stúlkna í eldri hópnum eru grafin á bikar Péturshlaupsins, sem varveittur er í skólanum. Péturshlaupið er haldið þriðjudaginn 9.október.

Skólaping

Skólaping verður haldin 24.október og er markmiðið að aðilar skólasamfélagsins fái tækifæri til þess að ræða skólastarfið og skólustefnuna. Skólaping er haldið seinni hluta dags þannig að foreldrar hafi tækifæri til þess að taka þátt í þinginu.

Árshátíðir

Árshátíðir skólans eru haldnar í þrennu lagi, ein fyrir hvert stig. Á árshátíðum skólans á yngsta- og miðstigi er lögð áhersla á að allir nemendur séu virkir þátttakendur. Á elsta stigi hafa nemendur val um að taka þátt og er árshátíð hluti af vali skólans og tekur yfir tvö val tímabil. Nemendur undirbúa árshátíð á elsta stigi frá hausti fram að árshátíðardegi og settar eru upp metnaðarfullar sýningar. Tónlistarskólinn á Egilsstöðum er samstarfsaðili skólans við árshátíðarvinnu. Dagsetningar árshátíða eru:

Elsta stig: 15.nóvember

Miðstig: 28.febrúar

Yngsta stig 3.apríl

Árshátíðir eru sveigjanlegur skóladagur fyrir það stig sem heldur árshátíð hverju sinni

Jólastund foreldrafélagsins

Jólastund foreldrafélagsins er á dagskrá um mánaðarmótin nóvember desember. Hún er fyrrihluta dags um helgi. Foreldrum og nemendum er boðið að koma í skólann og eiga notalega stund þar sem er hægt er að taka þátt í fönndri og matargerð í smáum stíl. Nemendur í 9.bekk sjá um kaffisölu á jólastundinni.

Jólaskemmtun

Jólaskemmtun skólans er fyrir nemendur í 7.-10.bekk að kvöldi 18.desember. Skemmtun er í skóla og jólaball í félagsmiðstöðinni Nýung á eftir. Ekki er kennsla hjá nemendum í 7.-10.bekk miðvikudaginn 19.desember. Jólaskemmtanir fyrir nemendur í 1.-6.bekk eru fyrir hádegi miðvikudaginn 19.desember. Þar flytur 6.bekkur jólasöguna og gengið er í kringum jólatré. 19.desember er sveigjanlegur skóladagur.

Nýsköpunardagur

Á nýsköpunardaginn er lögð áhersla á að nemendur kynni nýsköpunarvinnu sína fyrir foreldrum og gestum skólans. Nýsköpunardagurinn er haldinn síðdegis að loknum venjulegum skóladegi svo að foreldrar hafi tækifæri til þess að koma í skólann og hlusta á kynningar nemenda. Nýsköpunardagurinn er 31.janúar og er sveigjanlegur skóladagur.

Íþróttadagar

Íþróttadagar eru síðari hluta vetrar. Það eru uppbrotsdagar með mismunandi áherslum. Á yngsta stigi er áhersla á hreyfingu. Á mið- og elsta stigi er áhersla á fjölbreytta íþróttakeppni og hreyfingu. Íþróttadagar eru skipulagðir af íþróttakennurum.

Öskudagur

Öskudagur er sveigjanlegur skóladagur. Hann er samstarfsverkefni skólans og foreldrafélags skólans. Vinabekkir hittast á öskudag og að lokinni samverustund taka yngstu árgangar skólans þátt í öskudagsskemmtun í íþrótthúsinu. Öskudagur er sveigjanlegur skóladagur.

Vordagur

Síðasti kennsludagur að vori er vordagur. Þá er sveigjanlegur skóladagur. Skipulag vordags er mismunandi ár frá ári og er meginskipulag í höndum umsjónarkennara hvers árgangs.

Starfsdagar kennara

Starfsdagar kennara eru:

- 15. – 22. ágúst undirbúningsdagar að hausti
- 26. október
- 3. janúar
- 15.febrúar
- 26.febrúar
- 3.júní
- 5.-6. Júní eru undirbúningsdagar að vori

Skertir kennsludagar eru 23.ágúst, 5.september, 3.október, 24.október (tvöfaldur dagur), 15.nóvember/28.febrúar, 3.apríl (árshátíð tvöfaldur dagur),19.desember, 31.janúar (tvöfaldur dagur),6.mars, 31.maí.

Próf

Í Egilsstaðaskóla eru ekki formlegir prófadagar, enda námsmat hluti af daglegu starfi.

Samræmd próf í 4. bekk verða dagana 27. og 28. september 2018.

Bréf til nemenda í 4.bekk: https://www.mms.is/sites/mms.is/files/bref_til_nemenda_-_4._bekkur_haust_2018.pdf

Bréf til foreldra og forráðamanna nemenda í 4.bekk:
https://www.mms.is/sites/mms.is/files/bref_til_foreldra_-_4._bekkur_haust_2018.pdf

Samræmd próf í 7.bekk verða dagana 20.og 21.september 2018.

Bréf til nemenda í 7.bekk: https://www.mms.is/sites/mms.is/files/bref_til_nemenda_-_7._bekkur_2018.pdf

Bréf til foreldra og forráðamanna í 7.bekk:
https://www.mms.is/sites/mms.is/files/bref_til_foreldra_-_7._bekkur_haust_2018.pdf

Samræmd próf í 9.bekk verða dagana 12.-14.mars 2019.

Vettvangsferðir

Vettvangsferðir eru fastir liðir í starfsemi skólans. Farið er í ýmsar styttri ferðir í nágrenni skólans og umhverfið nýtt til náms og kennslu. Ekki er um fastar dagsetningar að ræða í öllum tilfellum, en reynt að skipuleggja ferðirnar eftir veðri og aðstæðum hverju sinni. Nemendur og foreldrar/forráðamenn fá upplýsingar um fyrirhuguð ferðalög/vettvangsferðir tímanlega.

Helstu vettvangsferðir nemenda eru:

3.bekkur: Ferð að sjávarsíðunni í maí.

5.bekkur: Ferð í Fljótsdal – Skriðuklaustur og Snæfellsstofu í maí

7.bekkur: Ferð í Skaftfell Seyðifirði og þátttaka í fræðsluverkefni á vegum Skaftfells, miðstöðvar um sjónlistir á Austurlandi.

7.bekkur: Mývatnsferð. Tveggja daga vettvangsferð í Mývatnssveit með áherslu á náttúrufar svæðisins. Ferðin er samvinnuverkefni skóla á Fljótsdalshéraði. Áætluð dagsetning 22.-23.maí.

8.-9.bekkur: Legóferð. Þriggja daga ferð til Reykjavíkur á First Lego Legue keppnina. Þátttakendur eru legóval skólans, sem jafnframt myndar lególið skólans. Nemendur fara á fimmtudagsmorgni. Á föstudegi eru heimsóknir í Reykjavík í fyrirtæki og stofnanir. Á laugardegi er þátttaka í keppninni og á sunnudegi er heimferð. Ferðin er samvinnuverkefni Egilsstaðaskóla og Brúarásskóla.

9.bekkur: Ferð á Stríðsminjasafnið á Reyðarfirði og í Fjarðabyggð. Ferðin er í tenglum við námsefni 9.bekkar um stríðsárin. Ferðin er farin í maí.

Ef ferðalag á vegum skólans stendur yfir nótt þarf skriflegt leyfi foreldra/forráðamanna. Um reglur í ferðum á vegum skólans gilda skólareglur og aðrar reglur sem kynntar eru nemendum og foreldrum sérstaklega.